

Vegna: Máls nr. 1310/2025, Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Á svæðinu eru lagnir í eigu Mílu. Við óskum eftir að haft verði samráð við okkur þegar til framkvæmda kemur.

Höfundur: Bragi Már Bragason

Sent inn þann: 22.09.2025 , **Fyrir hönd:** Míla

Vegna: Máls nr. 1310/2025, Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Í greinagerð vegna matskyldufyrirspurnar kemur fram að úttekt hafi verið gerð af Hafrannsóknastofnun vegna hugsanlegra áhrifa framkvæmdanna á lífríki í Norðurá og Sléttuá í Reyðarfirði. Gripið hafi verið til mótvægiaðgerða í samráði við Hafrannsóknastofun.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Nánar má sjá um það: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>

Miðað við forsendur í fyrirliggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, með tilliti til hugsanlegra áhrif framkvæmdanna á fiskstofna í straumvötnum eða aðstöðu til veiði.

Höfundur: Guðni Magnús Eiríksson

Sent inn þann: 07.10.2025 , **Fyrir hönd:** Fiskistofa

Vegna: Máls nr. 1310/2025, Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Landsnet sér ekki tilefni til að veita efnislega umsögn um málið.

Höfundur: Rut Kristinsdóttir

Sent inn þann: 13.10.2025 , **Fyrir hönd:** Landsnet

Athugasemd við tillögu um færslu á Hringvegi (1)

“Vegagerðin kynnir hér vega- og brúaframkvæmd í botni Reyðarfjarðar í Fjarðabyggð.

Við framkvæmdina verður Hringvegur (1) um Reyðarfjarðarbotn nýbyggður á 1,7 km löngum kafla um botn Reyðarfjarðar í samræmi við Aðalskipulag Fjarðabyggðar. Í tengslum við framkvæmdina verða nýjar tveggja akreina brýr byggðar á Norðurá og Sléttuá á nýjum stað. Fossá verður leidd um ræsi.”

Það sem stingur sérstaklega í augun hér, er að það er í annað sinn á stuttum tíma sem verið er að lengja Hringvegi (1) um Austurland. Fyrri sinnið var þegar lega hans varð ekki lengur um Breiðdalsheiði heldur um Suðurfjarðaveg í gegnum Stöðvarfjörð, innan við Búðir í Fáskrúðsfirði og um Fagradal. Þessi vinnubrögð virðast ekki í samræm við aðrar framkvæmdir Vegagerðarinnar (stjórnvalda) við að stytta Hringveg (1) og sníða af honum óparfa hraðatakmarkanir og þrengingar, eins og við Selfoss.


Hér liggur hins vegar fyrir tillaga um aðra lengingu á Hringvegi (1), sem að vísu er öllu umfangsminni, en hefur umferðartruflun í för með sér. Leið Vegagerðarinnar (stjórnvalda) er fyrirhuguð um atvinnusvæði á Reyðarfirði ([1] á meðfylgjandi Fskj.1) og mun valda vegfarendum á norðurleið óparfa ama á Hringvegi (1). Auk þess að verða lengri í kílómetrum talið, er Fagradalsbrautin frá Búðareyri að Norðurá, háð hraðatakmarkunum og með þröngu hringtorgi, sem að óbreyttu gerir stærri bílum með eftirvagna erfitt fyrir.

Önnur útfærsla er hér kynnt um jákvæðari upplifun fyrir vegfarendur ([2] á meðfylgjandi Fskj.1). Þar er lagt til að lega Hringvegar (1) verði innar með tveggja akreina brú á Stuðlaá rétt við þá brú sem þar er og Hringvegur (1) (Suðurfjarðavegur) verði tengdur inn á Fagradalsbrautina við afleggjarann að Sléttunesi 1. Við þessa tillögu sparast, miðað við tillögu Vegagerðarinnar (stjórnvalda), ein brú, eitt ræsi, vegstubbur inn á Þórdalsheiðarveg (936), sjávarfylling í botni Reyðarfjarðar og það sem mest er um vert, flæði umferðarinnar verður mun eðlilegra og verkið í heild ódýrara.

Því legg ég hér með til að valin verði leið [2] á meðfylgjandi skýringarmynd.

Virðingafyllst

Benedikt V Warén
Kt. 220351-2469
Hamragerði 3 (601)
700 Egilsstaðir
GSM 8966452



Vegna: Máls nr. 1310/2025, Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Orkufjarskipti eiga lagnir á svæðinu og óska eftir að haft verði samráð þegar til framkvæmda kemur.

Höfundur: Jón Ríkharð Kristjánsson

Sent inn þann: 20.10.2025

Vegna: Máls nr. 1310/2025, Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Stofnunin gerir ekki athugasemdir, f.h. LogS, skipulagsfltr.

Höfundur: Páll Sigurðsson

Sent inn þann: 20.10.2025 , **Fyrir hönd:** Land og skógur



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. október 2025

Málsnúmer: 202509-0044

IAS/BK

Efni: Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 22. september þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldu hringvegar um Reyðarfjarðarbotn.

„Vegagerðin áformar vega- og brúaf framkvæmd í botni Reyðarfjarðar í Fjarðabyggð. Í framkvæmdinni felst, auk vegagerðar, bygging nýrra tveggja akreina brúa á Norðurá og Sléttuá, tenging Þórdalsheiðarvegar við nýjan Hringveg og lagfæring á krappri beygju á Þórdalsheiðarvegi vestan býlisins Sléttu. Lengd nýs Hringvegar með brú á Norðurá og Sléttuá verður um 1,7 km. Tenging að Hjallaleiru verður um 0,2 km löng, veltenging Þórdalsheiðarvegar verður um 0,5 km og lagfæring á krappri beygju Þórdalsheiðarvegar vestan Sléttu verður um 0,4 km löng. Áætluð efnisþörf vegna framkvæmdanna er um 110.500 m³ og er efnistaka að mestu fyrirhuguð úr námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Náttúrustofa Austurlands hefur nú þegar tekið út lífríki í fjöru, vistgerðir og gróðurfar og fuglalíf á fyrirhuguðum veglínunum í botni Reyðarfjarðar og er ljóst að ný staðsetning vegarins mun hafa talsverð til mikil neikvæð áhrif á fuglalíf auk einhverra neikvæðra áhrifa á gróður. Það vantar hins vegar alveg að skoða þann valkost að fara í lagfæringar á núverandi vegi og bera áhrif hans saman við áhrif þeirra tveggja valkosta sem Vegagerðin leggur fram.

Ekki kemur skýrt fram hvers vegna þörf er á því að færa hringveginn en fram kemur að sveitarfélagið hefur lagt áherslu á framkvæmdirnar og stytta vegalengdir inn sveitarfélagsins. Fyrirhuguð framkvæmd lengir hringveginn um 1 km en vegalengdin frá gangnamunna að þéttbýli stýttist hins vegar um 1,5 km.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum þar sem sá kostur að uppfæra núverandi vegstæði verður borinn saman við aðra valkosti. Einnig þarf að gera betur grein fyrir áhrifum af mismunandi efnistökusvæðum. Bent skal á að válisti fugla var nýlega uppfærður (<https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>) og væri æskilegt að uppfæra texta með hliðsjón af því þar sem breyting hefur orðið á stöðu ákveðinna fuglategunda.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

22. október 2025, Reykjavík
UOS2509186/P.S.

Umsögn- Matskyldufyrirspurn- Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. september 2025 þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda matskyldufyrirspurn.

Framkvæmdalýsing

Vegagerðin áformar vega- og brúarframkvæmd í Reyðarfjarðarbotni í þeim tilgangi að bæta samgöngur og umferðaröryggi. Framkvæmdin felur m.a. í sér byggingu tveggja brúa yfir Norðurá og Sléttuá og auk þess verður ræsi sett í Fossá. Áætluð efnispörf vegna framkvæmdanna er um 110.500 m³ og er að mestu fyrirhuguð úr námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Tvö efnistökusvæðanna eru í árfarvegum, annarsvegar Hrútá og hinsvegar Stuðlá.

Áhrif á vatnshlot

Í kafla 4.6 í kynningarskýrslu framkvæmdaraðila er fjallað um áhrif á vatnshlot, áhrif framkvæmdarinnar á vatn og mótvægisáðgerðir. Þar er farið yfir umhverfismarkmið fjögurra vatnshlota sem eru innan framkvæmdarsvæðisins, þ.e. straumsvatnshlotanna Norðurá (102-1265-R), Sléttuá (102-1267-R) og Stuðlaá 1 (102-1194-R) og grunnvatnshlotsins Reyðarfjörður (102-160-G). Mat framkvæmdaraðila er að ekki sé hætt á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki. Í köflum 4.7 og 4.8 er gerð grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki í straumvötnum og fjöru og farið yfir mótvægisáðgerðir framkvæmdaraðila.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að fyrirhuguð veglína þverar einnig strandsjávarvatnshlotið Reyðarfjörður–Eskifjörður (102-1349-C) sem verður því fyrir beinum áhrifum af framkvæmdinni. Stofnunin telur líklegt að framkvæmdin getur haft töluverð áhrif á vatnsformsfræði svæðisins, meðal annars vegna landfyllingar og breytinga á strandlínu og botnlögun sem geta raskað vatnsrennsli, valdið uppsöfnun setlaga og truflað búsvæði botnlífa og fiska. Umhverfis- og orkustofnun telur því nauðsynlegt að áhrifamat á vatnshlot sé framkvæmt og leggur áherslu á að slíkt mat verði unnið eins snemma í undirbúningsferlinu og unnt er.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í áhrifamatinu þurfi að gera ítarlegar grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotin og er tilgangurinn að meta hvort áhrif hennar geti valdið því að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki. Slíkt ítarlegt mat þarf að liggja fyrir áður en leyfi eru gefin út til þess að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027. Umhverfis- og orkustofnun áréttar að áhrifamatið þarf að ná til allra vatnshlota sem framkvæmdin hefur bein eða óbein áhrif á, þ.m.t. vatnshlota utan skilgreinds framkvæmdasvæðis. Einnig þarf að meta áhrif á það vatn sem ekki tilheyrir sérstöku vatnshloti, ef fyrir sé að framkvæmdir eða starfsemi muni hafa áhrif á það (sbr. 1 gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011), og nefnir ána Fossá í því samhengi. Áhrifamatið ætti einnig að ná yfir þau vatnshlot sem geta orðið fyrir áhrifum vegna efnistöku, t.d. Stuðlaá 1 (102-1194-R) og Hrutá. Við matið skal styðjast við þær leiðbeiningar sem stofnunin hefur gefið út um [mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#), og eru þær aðgengilegar á [vatn.is](#)

Umhverfis- og orkustofnun minnir einnig á að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástandi vatnshlota aldrei hnigna frá því sem umhverfismarkmið þeirra segja til um, hvorki tímabundið né varanlega.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun telur að í meginatriðum sé gert grein fyrir framkvæmdinni. Stofnunin telur þó að hún geti haft umtalsverð umhverfisáhrif t.d. á áhrif á vatnsformfræði svæðisins og að það skorti nægar upplýsingar í skýrslunni til að hægt sé að leggja mat á þau áhrif til fulls. Telur því stofnunin framkvæmdina háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Þorbjörg Sigfúsdóttir

Sérfræðingur

Andreas Ströberg

Sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 24. október 2025
202509-0144/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn - Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn - Skipulagsstofnun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar, dags. 22. september sl., þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um matskyldu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar um Reyðarfjarðarbotn, á vegum Vegagerðarinnar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að stofnunin hefur veitt umsögn varðandi aðalskipulag sveitarfélagsins á skipulagsstigum þar sem stofnunin gerði athugasemdir við þær veglínur sem lagðar eru hér fram.¹

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að verkefnið felur í sér nýtt vegstæði Hringvegar (vegur nr. 1) um botn Reyðarfjarðar, með tveimur nýjum brúm yfir árnar Norðurá og Sléttuá. Brú á Norðurá verður 14 m löng og brú á Sléttuá 54 m löng. Nýr vegkafli verður 1,66 km langur og hannaður samkvæmt vegstaðli C8, með 7 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum öxlum hvoru megin.

Verkefnið felur í sér gerð vegskurða, fyllinga og ræsa, ásamt efnistöku, uppfyllingum og frágangi. Gert er ráð fyrir að nýr vegur verði lagður á uppfyllingu yfir láglend og mýrlend svæði við botn fjarðarins.

Efnistaka mun fara fram í námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins, en nánar verður ákveðið hvaðan efni kemur á verkhönnunarstigi.

Framkvæmdir fela einnig í sér tímabundin vinnusvæði, s.s. efnisgeymslur, sem staðsett verða í næsta nágrenni við fyrirhugað vegstæði. Að loknum framkvæmdum verður landmótun og frágangur vegar og brúarstaða í samræmi við hönnunargögn Vegagerðarinnar.

Eðli framkvæmdar

Framkvæmdin er umfangsmikil miðað við staðhætti og felur í sér nýtt 1,66 km langt vegstæði með tveimur brúm og tilheyrandi fyllingum og efnistöku. Verkefnið tengist núverandi vegakerfi Hringvegar og hefur því samlegð við aðrar vegagerðarframkvæmdir í Fjarðabyggð.

¹ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%3%b6gn%20Fjar%3%b0arbygg%3%b0%204.11.21.pdf>

Framkvæmdin krefst nokkurrar efnisvinnslu og jarðrasks á öröskuðu svæði og strandsvæðum, en ekki er gert ráð fyrir verulegri úrgangsmýndun eða losun mengandi efna umfram það sem almennt fylgir vegagerð.

Svæðið einkennist af líffræðilegri fjölbreytni í tengslum við votlendi og strandsvæði við botn fjarðarins, þar sem votlendisgróður og búsvæði fugla eru áberandi.

Sérstök vernd

Náttúruverndarstofnun bendir á að leirur njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Þær vistgerðir njóta því sérstakrar verndar samkvæmt lögnum og breytingar eða röskun á þeim eru aðeins heimilar ef sýnt er fram á brýna nauðsyn framkvæmdar, að valkostir hafi verið metnir, og að mótvægisáðgerðir og vöktun séu útfærðar í samræmi við lög nr. 60/2013 og lög nr. 111/2021.

Rannsóknirnar virðast sýna að innan áhrifasvæðis vegarins og við botn Reyðarfjarðar eru vistgerðir sem bera öll megineinkenni leira samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaður vegur muni liggja yfir fjörusvæði í botni Reyðarfjarðar þar sem greindar hafa verið vistgerðir með mismunandi verndargildi. Samkvæmt rannsóknnum Náttúrustofu Austurlands (júní 2024) fundust á svæðinu m.a. óseyri, grýttur sandleir, bólubangsfljara og sandmaðksleirur (F2.31). Af þessum fjöruvistgerðum hafa sandmaðksleirur hátt verndargildi samkvæmt flokkun Náttúrufræðistofnunar og eru jafnframt taldar mikilvægar vegna líffræðilegrar fjölbreytni og framleiðni botndýra og þörunga.

Því telur Náttúruverndarstofnun að innan áhrifasvæðis vegarins geti verið leirur sem falla undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga, þar sem jarðvegur, gróður og lífríki bera einkenni slíkrar vistgerðar.

Í greinargerð segir að sett verða ræsi í veginn um Sléttukrók og stærð þeirra og fjöldi verður miðaður við full vatnsskipti svo sjávarföllin verði óbreytt um krikann að framkvæmdum loknum. Óljóst er hvað framkvæmdaraðili eigi við með full vatnsskipti, en líklegt sé að það þýðir einfaldlega að hönnun ræsis eða brúar á að tryggja að sjávarföll og rennsli haldist nánast óbreytt.

Að mati Náttúruverndarstofnunar getur framkvæmdin því haft neikvæð áhrif á votlendi og leirur.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé nánar um votlendið í framkvæmdinni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr.

náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð. Brýnt er að vöktunaráætlun framkvæmdar tryggi ofangreint, sérstaklega ef ákvarðað er að framkvæmdin er ekki matsskyld.

Fuglalíf

Í rannsókninni Rannsóknir á fuglalíf í botni Reyðarfjarðar er fjallað nokkuð ítarlegra um fuglalíf og áhrif framkvæmdanna á þá. Helstu áhrif á fugla verða skerðing búsvæða sem fara undir vegi eða verður raskað vegna efnistöku sem þrengir að þeim og kann að auka á samkeppni tegunda og einstaklinga, bæði í varpi og í ungauppeldi. Einnig mun framkvæmdin hafa áhrif á farfugla þar sem um er að ræða mikilvægt fæðusvæði farfugla vor og haust. Truflun mun verða á framkvæmdatíma og því mikilvægt að tekið sé tillit til þess, einkum á varp- og ungatíma í maí og júní. Líklegt er að afföll fugla aukist vegna ákeyrslu á nýjum vegi sem fyrirhugað er að muni liggja nærri sjónum þar sem mest er af fugli. Vegurinn mun jafnframt skera í sundur leiðir fugla milli fæðusvæða við sjóinn austan vegarins og varpsvæða og annarra svæða sem fuglarnir nýta vestan vegarins.

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun því framkvæmdin hafa neikvæð áhrif á fuglalíf.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið

aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Þar sem framkvæmdasvæðið er kjörið búsvæði margra fugla er mikilvægt að halda framkvæmdum — ef af þeim verður — í lágmarki á varptíma. Stofnunin bendir á góða samantekt forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir.²

Í rannsókninni er fjallað um aðlögunarhæfni fugla vegna nálægðar við manninn, en sífellt er þrengt að fuglalífi á Austfjörðum með auknum umsvifum manna. Náttúruverndarstofnun tekur undir að þrengt er að fuglalífi um allt land og bendir stofnunin á í þessu samhengi að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings.³ Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gætu þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.⁴

Í greinargerðinni og rannsóknunum er fjallað um tegundir sem eru ábyrgðartegundir Íslands⁵ þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofnin verpir hér á landi. Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar.

Auk þess er fjallað um fuglategundir á válista, en Náttúruverndarstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun uppfærði válista fyrir stöðu fuglategunda árið 2025⁶, en síðasti válisti hafði verið birtur árið 2018. Líkt og segir hér að ofan hafa mófuglar átt undir högg að sækja síðustu ár og voru flestar tegundir þeirra færðar um einn eða tvo flokka í nýrri uppfærslu válistans. Heiðlóa, spói og lóupræll færðust um tvo flokka, úr því að vera metnar ekki í hættu árið 2018 yfir í að vera metnar í nokkurri hættu árið 2025.

Helsta hættan sem steðjar að þeim er búsvæðaeyðing, en þó stofnar þeirra telji enn marga einstaklinga hafa þeir minnkað um allt að 30-40% á síðustu 10-15 árum. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópustofnanna verpiur hér á landi. Því er nauðsynlegt að athuga stöðu þessara tegunda á framkvæmdasvæðum sem eru algeng búsvæði þeirra og almenn þörf á því að draga úr frekara álagi á búsvæði þeirra til að stemma stigu við þessari hnignun.

² Tómas Grétar Gunnarsson, 7. maí 2025. Að taka tillit til mófugla á varptíma, þoka. Sótt 28. ágúst

³ Aldís E.P., Böðvar Þ. og Tómas G.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, bls. 1-13.

⁴ Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi – Mófuglar

⁵ Náttúrufræðistofnun – Forgangstegundir fugla

⁶ Náttúrufræðistofnun – Válisti fugla 2025

Í greinargerð kemur fram að líklegt er að ákeyrslur og afföll fugla aukist þegar nýr vegur liggur nær sjónum, þar sem fuglalíf er þéttast, og að vegurinn muni að hluta rjúfa tengsl milli fæðusvæða við sjóinn austan vegar og varpsvæða vestan hans.

Með mótvægisaðgerðum, svo sem rörum eða undirgöngum sem fuglar geta farið um og með lækkun umferðarhraða á kaflanum meðfram botninum, væri þó hægt að draga úr áhrifum talsvert.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er þetta þó ekki fullnægjandi mótvægisaðgerð, þar sem slíkar lausnir tryggja ekki raunveruleg vistfræðileg tengsl milli lands og fjöru.

Ræsi og brúarop tryggja einungis vatnsflæði, en ekki fæðunám eða eðlilega hreyfingu fugla um leirur og fjörusvæði sem raskast við gerð vegarins.

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun slík lækkun um 20 km/klst. ekki hafa nein raunveruleg áhrif á truflun fugla né draga úr árekstrarhættu, þar sem hraðinn er engu að síður of hár miðað við viðkvæm búsvæði og fæðusvæði fugla á svæðinu.

Svæðið við botn Reyðarfjarðar er mjög þekkt fuglasvæði hjá fuglaáhugafólki um allan heim, þar sem fjölbreytt tegundasamsetning, gott aðgengi og samspil strandar og votlendis gera svæðið einstakt til fuglaskoðunar.

Gróður

Í greinargerð segir að gróðurfar sé margbreytilegt en alls 21 vistgerð var skráð á rannsóknarsvæðinu. Auk þess fundust 129 tegundir æðplantna.

Bein áhrif vegaframkvæmda á gróður eru einkum óafturkræft rask á gróðurhulu, vistgerðum sem njóta verndar og mögulega á vaxtarstöðum sjaldgæfra tegunda. Óbein áhrif geta t.d. falist í uppbroti búsvæða og mögulegrar útbreiðslu framandi ágengra tegunda, sem getur leitt til rýrnunar líffræðilegrar fjölbreytni.

Veglína 2 liggur um hlutfallslega meiri þekju vistgerða með hátt/mjög hátt verndargildi og er því líklegri til að hafa meiri áhrif á gróður en veglína 1.

Mótvægisaðgerðir eru lagðar fram í formi uppgræðslu og að hefta útbreiðslu lúpínu. Þá telur Náttúrustofan mikilvægt að endurheimta votlendi í takt við það votlendi sem myndi tapast.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur ekki fram hversu mikið votlendi mun raskast vegna framkvæmdarinnar, né hvernig eða hvar endurheimt votlendis verði útfærð. Einnig vantar mat á því hvaða áhrif slík endurheimt á öðrum stöðum gæti haft á umhverfi og vistkerfi þar. Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að gera skýra grein fyrir umfangi rasks og meta bæði vistfræðileg áhrif og raunhæfni fyrirhugaðrar endurheimtar áður en framkvæmd hefst.

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun því framkvæmdin hafa neikvæð áhrif á gróður.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif vegaframkvæmdarinnar á landslag og ásýnd verði takmörkuð, þar sem nýr vegur fylgi að hluta núverandi mannvirkjum og fyllingar verði mótaðar til að falla að landhalla og umhverfi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að báðar veglínurnar, liggi að stórum hluta um óraskað land, tún og fjörusvæði í botni Reyðarfjarðar. Framkvæmdin mun því óhjákvæmilega breyta ásýnd svæðisins umtalsvert og draga úr náttúrulegum einkennum strandarinnar.

Samkvæmt 69. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal við gerð vega gæta þess að mannvirki falli að landslagi og rýri ekki gildi eða svipmynd þess umfram nauðsyn. Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að leggja áherslu á þessa skyldu, þar sem svæðið hefur hingað til haldið náttúrulegum svip sínum og lítið raskast.

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun því framkvæmdin hafa neikvæð áhrif á landslag.

Umsvif við Hjallaleiruna

Á Hjallaleirunni er starfsemi sem virðist fela í sér móttöku og meðhöndlun úrgangs, sem getur haft áhrif á fuglalíf og vistkerfi fjörunnar. Einnig getur plast og annar léttur úrgangur borist út í sjó og safnast í leirum, með mengun og fæðuinntöku fugla í för með sér.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samlegðaráhrif með fyrirhuguðum vegaframkvæmdum við botn Reyðarfjarðar geti orðið, þar sem hávaði, aukin umferð og mannaferðir bætast við truflun frá starfseminni. Mikilvægt er að tryggja viðeigandi frárennslis- og úrgangsstýringu og fylgjast með breytingum á fuglalífi og ástandi leira og fjöru við Hjallaleiru.

Útivist

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis séu golfvöllur, tjaldsvæði, hesthús og reiðleiðir, auk gönguleiða við Njörvadalsá sem hafi ákveðið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og íbúa. Svæðið við botn Reyðarfjarðar er því í nánnum tengslum við útivistarsvæði, frístundastarfsemi og náttúrulega upplifun í nærumhverfi bæjarins.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er þó ekki fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á þessi útivistarsvæði eða aðgengi almennings að fjörunni. Nýr vegur og fyllingar við strandlengjuna munu breyta ásýnd svæðisins og geta haft áhrif á upplifun, hljóðvist og tengsl íbúa og ferðamanna við náttúruna.

Stofnunin leggur áherslu á að útivistargildi svæðisins verði tekið til sérstakrar skoðunar, bæði við áframhaldandi hönnun vegarins og í skipulagsvinnu sveitarfélagsins. Nauðsynlegt er að tryggja aðgengi að fjörunni og tengsl við reiðleiðir og gönguleiðir haldist, svo svæðið geti áfram nýst til frístunda og útivistar.

Að mati Náttúruverndarstofnunar getur því framkvæmdin haft neikvæð áhrif á útivist á svæðinu, sérstaklega þeirra sem vilja njóta náttúru og fjölbreytts fuglalífs.

Aðgengi að landi

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að sveitarfélagið hafi lagt áherslu á að færa nýjan veg upp fyrir tún og ræktarlönd Sléttu.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að slíkt aðgengi sé tryggt, þar sem bændur um allt land nýta þjóðvegi og tengivegi til að komast að beitolöndum og túnsvæðum. Víða um land þurfa bændur og aðrir landeigendur að þvera þjóðvegi til að komast að löndum sínum. Engin efnisleg rök liggja fyrir um nauðsyn þess að færa veginn frá núverandi legu til

að tryggja aðgengi, þar sem núverandi vegur þjónar þegar aðkomu að landi og búrekstri á svæðinu.

Við áframhaldandi hönnun þarf að gera grein fyrir hvernig slíkt aðgengi verði tryggt, t.d. með undirgöngum, tengivegum eða öðrum varanlegum lausnum sem viðhalda tengingu milli bæjarlands og ræktarlanda. Slík undirgöng gætu jafnframt nýst fyrir búfé, landbúnaðartæki og hestamennsku.

Hverfisvernd

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið í botni Reyðarfjarðar, þar sem fyrirhugaður vegur liggur, hefur bæði náttúrufarslegt og samfélagslegt gildi, með fjölbreyttu fuglalífi, leirum og strandsvæðum sem nýtast til útivistar og fræðslu. Slíkt samspil náttúru og nærumhverfis byggðar fellur vel að markmiðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og stefnu sveitarfélaga um sjálfbæra nýtingu og aðgengi að náttúru.

Að mati stofnunarinnar væri eðlilegt að sveitarfélagið skilgreini botn Reyðarfjarðar sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi. Með því væri unnt að vernda vistkerfi leira og fjörusvæða, tryggja útivistargildi og viðhalda aðgengi almennings að strandlengjunni, án þess að skerða möguleika á vistvænni nýtingu eða aðkomu að mannvirkjum.

Slík vernd myndi stuðla að samfelldri vernd náttúru og útivistar, samræma framtíðaráform sveitarfélagsins við verndarmarkmið náttúruverndarlaga og styrkja ímynd svæðisins sem mikilvægs náttúru- og samfélagsauðlindar.

Valkostir

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að tvær nýjar veglínur hafi verið skoðaðar við undirbúning framkvæmdarinnar.

Báðir þessir valkostir valda raski á fuqlalífi og gróðri.

Valin var sú lína sem liggur á styttri kafla út í sjó við Sléttukrók, þar sem talið var að aðrar leiðir hefðu í för með sér meira jarðrask.

Einnig kemur fram að sveitarfélagið hafi lagt áherslu á að færa veginn nær byggðinni og niður fyrir tún og beitolönd Sléttu.

Náttúruverndarstofnun hefur bent á í öðrum verkefnum að mikilvægt sé að greina aðra valkost sem valda ekki álagi á gróður, landslag, vatn og fuglalíf, en í umsögn stofnunarinnar varðandi heildarendurskoðun á aðalskipulagi Mýrdalshrepps varðandi veglagningu um Dyrhólaós segir: *Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að endurhannaður vegur samkvæmt nútíma kröfum um veghönnun Vegargerðarinnar í núverandi vegstæði (valkostir 4 og 4b) verður á þegar röskuðu svæði og þar sem öll umhverfisáhrif eru þegar komin fram. Endurhönnun vegar í núverandi vegstæði mun líklega hafa engin eða óveruleg umhverfisáhrif á lífríki, votlendi, ferskvatn, gróðurfar, fuglalíf, svæði á náttúruminjaskrá og friðlandið Dyrhólaeyjar.*⁷

Þar af leiðandi er það mati Náttúruverndarstofnunar að mikilvægt er að meta einnig endurhönnun og endurbyggingu á veginum í núverandi veglínu sem valkost, með hliðsjón af

⁷ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%c3%b6gn%20M%c3%bdrdalshreppur8.3.23.pdf>

nútíma veggönnunarreglum og umferðaröryggissjónarmiðum.

Slíkur valkostur gæti falið í sér minni röskun á öröskuðum votlendis, gróður- og strandsvæðum við botn Reyðarfjarðar og gæti þannig haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni og fuglalíf.

Skipulag

Náttúruverndarstofnun telur að þegar veglínur eru settar á skipulag sé einungis um hugmyndir að ræða sem geta tekið breytingum þegar t.d. mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fer fram.

Ekki er ásættanlegt að tilvist veglínu á aðalskipulagi sveitarfélaga sé endanleg og geti ekki tekið breytingum við slíkt mat, þar sem framkvæmdaraðilum er samkvæmt lögum skylt að fjalla um valkosti þegar lega vega er annars vegar.

Kostnaður

Náttúruverndarstofnun bendir á að valkostir í umhverfismati verði að byggjast á efnislegum og umhverfislegum rökum, en ekki útilokast einvörðungu á grundvelli kostnaðar.

Samkvæmt lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar ber að rökstyðja útilokun valkosta með tilliti til umhverfisáhrifa, tæknilegs fýsileika og skipulagslegra forsendna, en ekki fjárhagslegs samanburðar einum.

Niðurstaða

Náttúruverndarstofnun telur að framkvæmdin, eins og hún er nú afmörkuð, geti haft veruleg áhrif á vistkerfi í botni Reyðarfjarðar, einkum á fjölbreyttan gróður, leirur, fuglalíf og ásýnd svæðisins. Svæðið einkennist af fjölbreyttu fuglalífi og viðkvæmum svæðum sem mynda mikilvægar fæðulindir og búsvæði vaðfugla og andfugla. Framkvæmdir sem fela í sér fyllingar og nýjar veglínur yfir óraskað land geta raskað þessum vistkerfum og breytt náttúrulegu vatnsflæði.

Við mat á framkvæmdinni er mikilvægt að átta sig á þeim náttúruverndarverðmætum sem eru í botni Reyðarfjarðar. Þar er að finna einstakt samspil leira, fjöru og árósa, sem eru meðal fárra ósnortinna fjörusvæða á Reyðarfirði. Slík svæði hafa mikið vistfræðilegt gildi, bæði sem fæðusvæði fugla og sem hluti af náttúrulegu strandvistkerfi.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er nauðsynlegt að skoða aðra valkosti, þann valkost að endurhanna núverandi veg í núverandi veglínu, þannig að hann uppfylli öryggisstaðla, tryggi umferðaröryggi, bæti gatnamót við áningarstaði, t.d. með hringtorgi, og auki burðarþol og aðgengi að ræktarlöndum án þess að raska viðkvæmum gróðurfari, fuglalífi og landslagi í sama mæli.

Virðingarfyllt,
Axel Benediktsson

teymisstjóri

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2025
MÍ202509-0129/ 6.07 / Þ.H.

Minjavarðarsvið

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Sími: (354) 570 13 14
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Efni: Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn (nr. 1310/2025) – Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna áforma Vegagerðarinnar um vega- og brúarframkvæmd í botni Reyðarfjarðar í Fjarðabyggð. Greinargerð var unnin af Vegagerðinni, *Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn (1u0/u1)*. Kynningar-skýrsla vegna könnunar á matsskyldu, dagsett í september 2025. Framkvæmdin felur í sér, auk vegagerðar, byggingu nýrra tveggja akreina brúa yfir Norðurá og Sléttuá, samtals um 1.7 km vegalengd. Auk þess er gert ráð fyrir tengingu við Hjallaleiru (um 0,2 km) og við Þórdalsheiðarveg (um 0.5 km), en þar er einnig ráðgert að taka af krappa beyju vestan Sléttu (um 0,4 km). Efni verður tekið úr nærliggjandi námum.

Þór Hjaltalín

Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

Í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir voru fornleifar skráðar á áhrifasvæði þeirra, bæði vegstæðið sjálft og námur; Guðný Zoëga: *Fornleifaskráning vegna vegagerðar í botni Reyðarfjarðar* (Rannsóknarskýrslur 2024/007). Skrá þessi uppfyllir staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningar vegna deiliskipulags og framkvæmda og hefur verið staðfest, sbr. 5 mgr. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Í matsskyldufyrirspurninni er fjallað er um fornleifar í kafla 4.11 í greinargerðinni, bls. 56-57. Alls voru skráðar 11 minjar auk 5 yngri minja (herminjar) sem flokkast ekki til fornleifa. Þær minjar sem eru innan 100 metra frá útbrún nýrrar veglínu eru birtar í töflu 14, bls. 57 og eru þær 6 talsins auk þess sem hinar fyrrnefndu herminjar, sem eru innan skilgreinds efnistökusvæðis námu E-34. Um námuna og minjarnar þar hefur Minjastofnun áður gefið umsögn sína, í bréfi dagsett 8 júní 2023. Þar segir m.a.:

„Minjastofnun Íslands gerir því ekki athugasemdir [þar sem minjarnar teljast ekki til fornleifa] við fyrirhugaðar framkvæmdir en vill þó vekja

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

athygli á því að ofangreindar minjar, þó þær teljist ekki til fornleifa í lagalegum skilningi, séu verðmætar sögulegar minjar sem vert er að varðveita sé þess kostur. Fleiri minjar frá hernámstímanum eru einnig skráðar fyrir utan framkvæmdasvæðið“.

Þess ber að geta að Reyðfirðingar hafa lagt sig sérstaklega eftir því að gera hernámsárunum skil og hafa nú hafist handa við að byggja upp aftur Stríðsárasafnið eftir skemmdir í ofsaveðri í september 2022. Segja má að allar minjar um herseturna í nærumhverfi safnsins gefi þeim aukið vægi þar sem leitast er við að kortleggja þessar minjar og gera þær aðgengilegar og skiljanlegar fólki, m.a. upp með Búðará ofan við safnið, sem nú er vinsælt til útivistar og gönguferða. Þar sem minjar þessar falla ekki undir sjálfkrafa aldurfriðun (hafa ekki náð 100 ára aldri) og eru ekki friðlýstar þá er það í höndum sveitarfélagsins að ákvarða um varðveislu slíkra minja í gegnum skipulag.

Þær fornleifar sem taldar eru upp í töflu 14 eru allar innan 100 metra frá útbrún fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og eru 4 þeirra innan 50 metra. Sú sem næst er framkvæmdasvæðinu er heimild um sjóbúð (nr. 3344-016). Hefur hún lent undir fyrri vegagerð og er horfin. Tvær minjanna standa nokkuð nærri útbrún efnistökusvæðis við Hrúteyri, eða 26-28 metra, en aðrar minjar eru fjær framkvæmdasvæðum. Gert er ráð fyrir að minjarnar verði „merktar á áberandi hátt og kynntar í útboðsgögnun til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá“ (bls. 57). Svo virðist að komast megi hjá beinu raski á fornleifum og tekur Minjastofnun undir þær verndar- og mótvægisáðgerðir sem kynntar eru í greinargerðinni og telur þær fullnægjandi.

Í þessari matsskyldufyrirspurn eru veglínur Þórdalsheiðarvegar undanskildar, en þó ekki hin krappa beyja vestan Sléttu, sem áform eru um að taka af. Á þeim kafla eru einar minjar, þ.e. stekkur (nr. 3344-09) sem virðist lenda býsna nálægt fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en er ekki talinn upp í töflu 14. Gera þarf grein fyrir hugsanlegum áhrifum framkvæmda á þessar minjar. Að öðru leyti hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðstjóri minjavarðasviðs

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnafjörður 24. September 2025
Mál: 1310/2025

Skipulagsstofnun óskaði 22. September 2025 eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu vegna framkvæmda við Hringveg um Reyðarfjarðarbotn. Fyrirspurn um matskyldu er á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr.111/2021.

Í samantekt Vegagerðarinnar segir meðal annars: Til stendur að byggja nýjan Hringveg (1-u0/u1) um botn Reyðarfjarðar með nýjum tveggja akreina brúm á Norðurá og Sléttuá. Ræsi verður sett í Fossá. Framkvæmdin er um 1,7 km löng vegalagning og í samræmi við Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020 – 2040. Í tengslum við framkvæmdina þarf að tengja Þórdalsheiðarveg (936-02) nýjum Hringvegi (1-u0/u1), auk þess sem kröpp beygja á Þórdalsheiðarvegi (936-02) ofan býlisins Sléttu verður lagfærð.

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þeir innviðir sem felast í vegabótum um firðina eru orðnar aðkallandi og um árábil hefur staðið til að gera endurbætur á veginum milli Reyðarfjarðar og Breiðdalsvíkur, þ.m.t. um botn Reyðarfjarðar.

Líkur eru á því að fyrirhugaðar framkvæmdirnar komi til með að hafa áhrif á lífríki í fersku vatni og umhverfi þess. Gera má ráð fyrir því að mikill hluti áhrifanna af byggingu nýrra brúa, ásamt nýju ræsi í Fossá, verði staðbundinn og tímabundinn á meðan á framkvæmdum stendur. Í áætlunum Vegagerðarinnar koma fram mótvægisáðgerðir á þeim þáttum sem teljast mikilvægir til að draga úr áhrifum.

Hafrannsóknastofnun telur að fyrirbyggjandi gögn liggi fyrir varðandi áhrif á vatnalífriki af völdum ræsis og brúa. Aftur á móti sé óvissa er um áhrif efnistöku sem fyrirhuguð er við Stuðlaá og Hrútá. Ekki hefur farið fram úttekt á lífríkinu í Stuðlaá síðan árið 2000 og ekki liggja fyrir upplýsingar um stöðu lífríkis í Hrútá. Efnistaka hefur verið um árábil úr mörgum ám á Austfjörðunum þ.m.t. Reyðarfirði. Mikilvægt er að meta hvort ráðgerð efnistaka í eða við ár samræmist lögum nr. 36/2011 um stjórn Vatnamála. Það er því ekki hægt að meta áhrif efnistöku út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Hafrannsóknastofnun er ekki stjórnsýslustofnun og fer ekki með leyfisveitingar vegna framkvæmda.

F. h. Hafrannsóknastofnunnar

Sigurður Óskar Helgason



Dagsetning: 25. nóvember 2025
Málsnúmer: 2509171/14.1.1

Til skipulags- og framkvæmdanefndar

MINNISBLAÐ

Vegna könnunar á matsskyldu – Hringvegur (1-u0/u1) um Reyðarfjarðarbotn.

1. Inngangur

Undirritaður hefur farið yfir gögn Vegagerðarinnar varðandi könnun á matsskyldu vegna nýrrar legu Hringvegar (1-u0/u1) um botn Reyðarfjarðar. Við yfirferð eru lögð til grundvallar gögn framkvæmdaraðila, aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020–2040, auk upplýsinga um umferð, öryggi, náttúrufar og skipulagsforsendur. Umsögnin endurspeglar heildstætt mat sveitarfélagsins á framkvæmdinni og áhrifum hennar.

2. Meginstefna sveitarfélagsins

Sveitarfélagið tekur jákvæða afstöðu til framkvæmdarinnar. Hún er talin verulega mikilvæg fyrir samgöngur innan sveitarfélagsins, atvinnulíf, öryggi vegfarenda og rekstur innviða, þar á meðal Mjóeyrarhafnar. Framkvæmdin samræmist markmiðum aðalskipulags Fjarðabyggðar og landsáætlana um uppbyggingu trausta innviða.

3. Skipulagsforsendur

Ný lega Hringvegarins er í samræmi við gildandi aðalskipulag og hefur verið tilgreind sem forgangsverkefni um árabil. Tenging við Hjallaleiru og Þórdalsheiðarveg er nauðsynleg til að tryggja greiðar samgöngur um botn Reyðarfjarðar og þjónustu við iðnaðar- og hafnarsvæði. Efnistökusvæði sem framkvæmdin byggir á eru jafnframt skilgreind í aðalskipulagi og í samræmi við umhverfis- og forsenduskýrslu þess.

4. Umferðaröryggi

Núverandi aðstæður í Reyðarfjarðarbotni eru ófullnægjandi og ógna öryggi vegfarenda. Einbreið brú á Sléttuá hefur takmarkað burðarþol og skertar sjónlengdir og hefur um árabil valdið verulegum rekstrartakmörkunum fyrir þungaflutninga. Þá eru vegamót Hringvegar og Norðfjarðarvegar ótrygg, sérstaklega við mikla umferð á annatíma. Ný veglína og tvíbreiðar brýr munu auka öryggi stórkostlega.

5. Umhverfisáhrif

Heildarmat Fjarðabyggðar er að framkvæmdin hafi takmörkuð og viðráðanleg neikvæð umhverfisáhrif, en töluverð jákvæð áhrif á samgöngur og öryggi. Niðurstöður rannsóknar Náttúrustofu Austurlands sýna að engar sjávarfítjar eru á framkvæmdasvæðinu, sem dregur úr hættu á raski verndarsvæða. Rask á gróðri og vistgerðum er að mestu staðbundið, þar sem svæðið hefur verið raskað áður af vegagerð og efnistöku. Áhrif á straumvötn verða viðráðanleg með mótvægisáðgerðum sem framkvæmdaraðili hyggst innleiða.



6. Niðurstaða

Fjarðabyggð telur að framkvæmdin sé í samræmi við skipulag, muni stuðla að verulegri aukningu í öryggi og bættu umferðarflæði og styrki atvinnu- og samfélagsgerðir í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið leggur til að Skipulagsstofnun fallist á að framkvæmdin sé ekki matsskyld og styður hana heilshugar með hliðsjón af framangreindum forsendum.

Aron Leví Beck

Stjórnandi bygginga-, skipulags- og umhverfiseildar